

Nr. 21.  
20.  
október.

## L ö g

um breyting á tollögum fyrir Ísland nr. 54, 11. júlí 1911, 1. gr. 15.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

15. liður í 1. gr. tolllaganna frá 11. júlí 1911 orðist svo:
15. Af öllum brjóstsykurs- og konfekt-tegundum og öðrum sætindatilbúningi, sem notaður er á sama hátt og brjóstsykur og konfekt, þar með taldir sykraðir ávextir (kandiseraðir ávextir)...80 aura af hverju kílógr.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíbörg, 20. október 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

H. Hafstein.

Nr. 22.  
20.  
október.

## L ö g

um breyting á lögum um vörutoll, 22. okt. 1912.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 1. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu teljast þar til tollgjalds eftirfarandi vörur:

Sóða, krít, eldfastur leir, karbíd, bensín, þakhellur (Skifer) og smjörsalt.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 2. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu teljast þar til tollgjalds eftirnefndar vörur: